

Alþingi
00 201

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Áritun endurskoðanda	3
Yfirlit um afkomu ársins	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Starfsþáttayfirlit	8
Skýringar	9

Alþingi
kt. 420169-3889
Kirkjustræti, 150 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Samkvæmt stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands fer Alþingi með löggjafarvaldið ásamt forseta Íslands. Meginverkefni Alþingis er lagasetning en þingið fer einnig með viðamikili eftirlitshlutverk.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 01 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 4.485,3 milljónir og afkoma kr. 103,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 576,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.122,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Alþingis í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Alþingis fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9.júní 2022

Ragna Árnadóttir

Skrifstofustjóri



Áritun óháðs endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Alþingis fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu og áritun forstöðumanns.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun forstöðumanns.
 - Yfirlit um afkomu ársins 2021.
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
 - Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021.
 - Starfsþáttayfirlit ársins 2021.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla og áritun forstöðumanns er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álitis

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óháði

Við erum óháð stofnuninni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglu sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglu.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og áritun forstöðumanns

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun forstöðumanns sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun forstöðumanns og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun forstöðumanns höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun forstöðumanns hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórnendur skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi stofnunarinnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Við upplýsum stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 9. júní 2022

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir

lögilltur endurskoðandi

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	4.420.400.000	4.121.100.000
Seld þjónusta	3	19.060.740	28.185.843
Framlög og ýmsar tekjur	4	14.457.388	10.123.737
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	31.375.620	27.219.531
Tekjur samtals		4.485.293.748	4.186.629.111
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	3.358.148.773	3.093.923.568
Framlög og tilfærslur	6	142.522.808	140.082.721
Annar rekstrarkostnaður	7	850.707.721	769.379.096
Afskriftir	8	31.375.620	27.219.531
Gjöld samtals		4.382.754.922	4.030.604.916
Afkoma fyrir fjármagnsliði		102.538.826	156.024.195
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		182.880	2.432.189
Arður		824.467	765.577
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(594.382)	(218.374)
		412.965	2.979.392
Afkoma ársins		102.951.791	159.003.587
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	122.274.599	173.386.308
Rekstrartilfærslur		(19.322.808)	(14.382.721)
		102.951.791	159.003.587

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir, verk í vinnslu	11	171.412.422	92.241.639
Áhöld, tæki og búnaður	11	92.033.179	81.167.819
Farartæki og vélar	11	17.942.308	13.425.081
Aðrar eignir	11	8.100.000	7.000.000
Óefnislegar eignir	10	13.925.070	12.284.093
		<u>303.412.979</u>	<u>206.118.632</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	229.110	229.110
		<u>229.110</u>	<u>229.110</u>
Fastafjármunir samtals		<u>303.642.089</u>	<u>206.347.742</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		11.975.904	3.398.530
Tengdir aðilar	13	520.451.039	526.549.570
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	14	17.090.419	12.361.773
Handbært fé		269.678.273	208.014.347
		<u>819.195.635</u>	<u>750.324.220</u>
Veltufjármunir samtals		<u>819.195.635</u>	<u>750.324.220</u>
Eignir samtals		<u>1.122.837.724</u>	<u>956.671.962</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	15	576.588.638	473.636.848
		<u>576.588.638</u>	<u>473.636.848</u>
Eigið fé samtals		<u>576.588.638</u>	<u>473.636.848</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	13	15.125.456	12.362.279
Viðskiptaskuldir		67.147.649	37.296.855
Ýmsar skammtímaskuldir	16	195.953.074	191.335.338
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	268.022.907	242.040.642
		<u>546.249.086</u>	<u>483.035.114</u>
Skuldir samtals		<u>546.249.086</u>	<u>483.035.114</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.122.837.724</u>	<u>956.671.962</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		102.951.791	159.003.587
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	31.375.620	27.219.531
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(31.375.620)	(27.219.531)
		<u>102.951.791</u>	<u>159.003.587</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(13.306.020)	(217.679)
Tengdir aðilar		(62.450.375)	(5.128.564)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		34.468.530	5.152.108
		<u>(41.287.865)</u>	<u>(194.135)</u>
		<u>61.663.926</u>	<u>158.809.452</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(4.960.000)	(15.355.116)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(44.555.300)	(28.647.830)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(79.170.783)	(30.029.821)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		774.000	
		<u>(127.912.083)</u>	<u>(74.032.767)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		56.600.000	142.700.000
Tengdir aðilar		71.312.083	(68.687.233)
		<u>127.912.083</u>	<u>74.012.767</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		61.663.926	158.809.451
		<u>208.014.347</u>	<u>49.204.896</u>
Handbært fé í árslok		<u>269.678.273</u>	<u>208.014.347</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2021, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Alþingis-kostnaður 00 201 101	Framlög til þingflokka 00 201 102	Almennur rekstur 00 201 106	Tæki og búnaður 00 201 601	Samtals 2021
	Málefna svið - málaflokkur				
	01 10	01 10	01 10		
Tekjur					
Tekjufærsla fjárveitinga	2.114.500.000	107.700.000	2.198.200.000	0	4.420.400.000
Seld þjónusta	0	0	19.060.740	0	19.060.740
Framlög og ýmsar tekjur	122.812	0	14.334.576	0	14.457.388
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	22.896.219	0	1.048.040	7.431.361	31.375.620
Tekjur samtals	2.137.519.031	107.700.000	2.232.643.356	7.431.361	4.485.293.748
Gjöld					
Laun og launatengd gjöld	1.889.612.375	8.085.953	1.460.450.445	0	3.358.148.773
Rekstrartilfærslur	4.520.464	99.603.248	38.399.096	0	142.522.808
Annar rekstrarkostnaður	177.934.253	10.800	672.762.668	0	850.707.721
Afskriftir	22.896.219	0	1.048.040	7.431.361	31.375.620
Gjöld samtals	2.094.963.311	107.700.001	2.172.660.249	7.431.361	4.382.754.922
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	42.555.720	(1)	59.983.107	0	102.538.826
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	22.808	0	160.072	0	182.880
Arður	0	0	824.467	0	824.467
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(5.551)	0	(588.831)	0	(594.382)
	17.257	0	395.708	0	412.965
Afkoma ársins	42.572.977	(1)	60.378.815	0	102.951.791
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum					
Rekstur	47.093.441	(5.296.753)	80.477.911	0	122.274.599
Rekstrartilfærslur	(4.520.464)	5.296.752	(20.099.096)	0	(19.322.808)
	42.572.977	(1)	60.378.815	0	102.951.791
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:					
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum	2.086.300.000	107.700.000	2.168.800.000	0	4.362.800.000
Fjáraukalög	28.200.000	0	29.400.000	0	57.600.000
Fjárveiting til tekna	2.114.500.000	107.700.000	2.198.200.000	0	4.420.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(2.071.927.023)	(107.700.001)	(2.137.821.185)	0	(4.317.448.209)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	42.572.977	(1)	60.378.815	0	102.951.791
Staða fjárveitinga 2020 í lok þess árs	251.122.276	0	228.079.034	(5.656.463)	473.544.847
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum					
Rekstur	303.019.709	(111.563.076)	308.556.945	(5.656.463)	494.357.115
Rekstrartilfærslur	(9.324.456)	111.563.075	(20.099.096)	0	82.139.523
	293.695.253	(1)	288.457.849	(5.656.463)	576.496.638
Fjárfestingar					
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum og fjáraukalögum	56.600.000	0	0	0	56.600.000
Fjárfesting á árinu	0	0	(64.831.975)	(63.854.108)	(128.686.083)
Sala fastafjármuna	160.000	0	429.000	185.000	774.000
Staða fjárfestingafjárveitingar	56.760.000	0	(64.402.975)	(63.669.108)	(71.312.083)
Staða fjárfestinga 2020 í lok þessa árs	17.136.041	0	40.127.397	(21.341.427)	35.922.011
Staða fjárfestingaheimilda í árslok 2021	73.896.041	0	(24.275.578)	(85.010.535)	(35.390.072)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Framlög og ýmsar tekjur samanstanda af leigutekjum vegna aðstöðu og endurkrafinni hlutdeild annarra stofnana í kostnaði.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	30% / óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	4.420.400.000	4.121.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	31.375.620	27.219.531
	<u>4.451.775.620</u>	<u>4.148.319.531</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	4.239.600.000	123.200.000	0	4.362.800.000
Fjárukalög	57.600.000	0	0	57.600.000
Fjárveiting til tekna	4.297.200.000	123.200.000	0	4.420.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(4.174.925.401)	(142.522.808)	0	(4.317.448.209)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	122.274.599	(19.322.808)	0	102.951.791

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	864.000	12.554.219
Veitinga- og gistipjónusta	18.196.740	15.631.624
	<u>19.060.740</u>	<u>28.185.843</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	1.590.922	1.068.132
Kostnaðarhlutdeild	11.167.569	4.433.078
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	1.658.403
Ýmsar tekjur	1.698.897	2.964.124
	<u>14.457.388</u>	<u>10.123.737</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	2.737.412.701	2.505.923.565
Orlof, breyting	3.445.331	17.345.391
Launatengd gjöld	588.284.679	543.450.193
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	15.646.574	12.499.670
Starfsmannakostnaður	13.359.488	14.704.749
	<u>3.358.148.773</u>	<u>3.093.923.568</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	210,8	203,9
------------------------------	-------	-------

6 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	142.522.808	140.082.721
	<u>142.522.808</u>	<u>140.082.721</u>

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	6.143.823	4.765.436
Byggingarvörur, almennar	494.367	221.668
Tæki og búnaður til innréttinga	238.285	0
Ýmis tæki og áhöld	38.959.047	35.812.812
Varahlutir og viðhaldsvörur	219.533	15.000
Orkugjafir	22.701.261	23.101.009
Matvæli	29.249.637	26.056.267
Almennar rekstrarvörur	13.965.039	14.731.107
Vörukaup, almenn	111.970.992	104.703.299
Kennslu- og föndurvörur	129.800	129.786
Ýmsar sérgreindar vörur	643.415	351.401
Vörukaup, sérgreind	773.215	481.187
Fundir, námskeið, risna	42.223.870	30.859.217
Ferðir, uppihald	51.404.391	46.271.295
Akstur	25.578.997	24.929.497
Sérfræðiþjónusta	106.560.340	83.492.774
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	190.313	209.029
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	11.561.743	4.478.681
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	12.308.432	12.669.184
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	249.828.086	202.909.677
Afnotagjöld	45.591.446	40.803.593
Leigugjöld	256.589.863	249.791.658
Notkun véla og flutningatækja	9.887.330	9.400.580
Verkkaup	109.580.570	101.030.717
Kostnaðarhlutdeild	1.848.023	2.358.112
Áhættutap og bætur	150.992	200.000
Tryggingar, lögboðnar	3.406.803	3.345.199
Opinber gjöld	61.080.401	54.355.074
Tilfærslur	0	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	488.135.428	461.284.933
Annar rekstrarkostnaður samtals	850.707.721	769.379.096
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	21.640.615	21.507.795
Farartæki og vélar	3.173.648	2.640.713
Sölu- og úreltar eignir	3.242.334	0
Tölvukerfi	3.319.023	3.071.023
	31.375.620	27.219.531
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	114.968	98.515
Gengistap, verðbreytingar	479.414	119.859
	594.382	218.374

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
10 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	13.925.070	12.284.093
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok:		
Staða 1.1.	12.284.093	0
Viðbót á árinu	4.960.000	15.355.116
Afskriftir	3.319.023	3.071.023
Staða 31.12.2021	1.640.977	12.284.093
11 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður	92.033.179	81.167.819
Farartæki og vélar	17.942.308	13.425.081
Aðrar eignir	8.100.000	7.000.000
	118.075.487	101.592.900
Verk í vinnslu, hugbúnaður	171.412.422	92.241.639
	171.412.422	92.241.639

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2021	136.939.563	21.125.715	7.000.000	165.065.278
Viðbætur á árinu	32.565.300	10.890.008	1.100.000	44.555.308
Selt/niðurfært á árinu	(2.015.824)	(5.205.350)	0	(7.221.174)
	167.489.039	26.810.373	8.100.000	202.399.412
Afskriftir 1.1.2021	55.771.718	7.700.634	0	63.472.352
Selt/niðurfært á árinu	(1.956.500)	(2.006.225)	0	(3.962.725)
Afskrift ársins	21.640.615	3.173.648	0	24.814.263
	75.455.833	8.868.057	0	84.323.890
Staða 31.12.2021	92.033.206	17.942.316	8.100.000	118.075.522

12 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):			
Internet á Íslandi ehf.....	1,15%	229.110	229.110
		229.110	229.110

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
13 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	514.211.556	517.132.944
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	6.239.483	9.416.626
	<u>520.451.039</u>	<u>526.549.570</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	15.125.456	12.362.279
	<u>15.125.456</u>	<u>12.362.279</u>
14 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	4.354.757	4.245.985
Skattar	12.735.662	8.115.788
	<u>17.090.419</u>	<u>12.361.773</u>
15 Eigð fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	473.636.847	314.623.661
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkv. ákvörðun fjármála og efnahagsráðuneytisins	0	9.600
Afkoma ársins	102.951.791	159.003.586
Jöfnuður 31.12.	<u>576.588.638</u>	<u>473.636.847</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfrfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanlega á ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið setur út frá 30. gr laga um um opinber fjármál í samráð við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.		
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	187.468.843	184.023.512
Önnur ógreidd gjöld	8.484.231	7.311.826
	<u>195.953.074</u>	<u>191.335.338</u>

Skýringar

17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	303.412.979	206.118.631
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	(35.390.072)	35.922.011
	<u>268.022.907</u>	<u>242.040.642</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2021	206.118.631	35.922.011	242.040.642
Fjárfestingafjárveiting ársins	0	56.600.000	56.600.000
Bókfært verð seldra eigna	(16.115)	16.115	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	757.885	757.885
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	79.170.783	(79.170.783)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	44.555.300	(44.555.300)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	4.960.000	(4.960.000)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(31.375.620)	0	(31.375.620)
	<u>303.412.979</u>	<u>(35.390.072)</u>	<u>268.022.907</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 32,6 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

18 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2023, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa og samninga um eftirlit með ýmsum húsnæðis- og öryggiskerfum til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema um 217,85 milljónum og vegna þjónustu- og eftirlitssamninga um 46,14 milljónum. Annað, stofnunin hefur gert styrktar- og samstarfssamning til ársins 2022, árlegar greiðslur nema 23,43 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskilatímabilsins sem hafa áhrif á upplýsingar eða fjárhæðir í ársreikningi.